

Mosfellsbær
Þverholti 2 2
270 Mosfellsbær



Reykjavík 27. maí 2015
UST201505-082/K.S.J.
10.04.03

Efni: Tillaga að deiliskipulagi hesthúsahverfis og reiðgatna við hlið friðlands við Varmárósa.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar er barst 11. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi sem nær yfir þegar byggð og óbyggð hesthúsahverfi ásamt hestaþróttasvæði og nýjum reiðstígum sem liggja að hluta til við mörk friðlands við Varmárósa.

Náttúruminjar

Norðan við ofangreint deiliskipulagssvæði liggur friðlandið við Varmárósa. Mörk friðlandsins hafa verið hnitsett. Í auglýsingu um friðland við Varmárósa kemur m.a. eftirfarandi fram :

6. gr. Mannvirkjagerð og aðrar framkvæmdir.

Öll mannvirkjagerð svo og aðrar breytingar á landslagi eru bannaðar. Allt rask á jarðmyndunum er óheimilt á verndarsvæðinu, þ.m.t. efnistaka.

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem mannvirkjagerð og rask er bannað á friðlandinu við Varmárósa þarf allt rask vegna reiðstígagerðar að vestanverðu við hesthúsin að vera utan friðlandsins. Einnig bendir Umhverfisstofnun á að til að viðhalda votlendi á friðlandinu mælir stofnunin ekki með því að setja rör í skurð er fyllt verður í vegna reiðgötu. Stofnunin telur að vatn eigi að flæða um friðlandið frekar en að leiða það í Varmá um rör.

Skipulag við ár, sjó og vötn

Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. gr. 5.3.2.14. gr. kemur eftirfarandi fram:

Skipulag við vötn, ár og sjó.


Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.


Umhverfisstofnun bendir á að þar sem reiðgata er áætluð að austanverðu við hesthúsahverfi Harðar mun hún liggja mjög nærri Varmárbökkum á kafla. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að ekki verði

hróflað við hökkum Varmár. Varmá er á náttúruminjaskrá og í skránni segir að Varmáin frá upptökum til ósa sé á náttúruminjaskrá þar sem Varmá sé eitt fárra varmavatna á landinu og hafi mikið vísindalegt gildi. Því telur stofnunin mikilvægt að almenningur komist framhjá ánni og að hökkum hennar verði ekki raskað. Að mati Umhverfisstofnunar þarf því áætlaður reiðstígur að liggja fjær Varmánni á þeim kafla sem bugða árinna fer næst hesthúsahverfinu.

Að mati Umhverfisstofnunar þarf að fara varlega í framkvæmdir við gerð reiðstíga að vestanverðu við hesthúsahverfi Harðar þar sem allt rask á friðlandi Varmárósa er bannað. Einnig bendir stofnunin á mikilvægi þess að reiðstígur liggi ekki of nærri Varmá við bugða hennar er fer næst hesthúsahverfi Harðar að austanverðu, því áin er á náttúruminjaskrá og varðveita þarf bakka hennar og einnig þarf að vera aðgengi fyrir almenning meðfram ánni.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur